

kostnaður fyrir yfirdómi niður. Dóminum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 10. des. 1917.

Nr. 32/1917.

Gisli Hjálmarsson
gegn

Sveini Björnssyni f. h. Stef-
áns Magnússonar.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði Sveinn Björnsson yfirréttar-málaflutningsmaður f. h. Stefáns Magnússonar fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn útgerðarmanni Gísla Hjálmarssyni í Reykjavík til þess að fá hann dæmdan til að greiða umbjóðanda sínum 443 kr. 82 a. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað að skaðlausu, en síðar undir rekstri málsins færði sækjandi kröfu sína niður í 407 kr. 82 a.

Gisli Hjálmarsson höfðaði frá sinni hálfu gagnsök á hendur stefnda og krafðist þess í aðalsökinni, að verða algerlega sýknaður af kröfum hans og í gagnsökinni krafðist hann þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum 256 kr. 85 a. í skaðabætur með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags, eða til vara skaðabætur eftir réttarins eða óvilhallra manna mati, og að skuldajöfnuður yrði gerður á þeirri upphæð, er stefnda kynni að

verða dæmd í aðalmálinu og þeirri upphæð, er áfrýjanda yrði dæmd í gagnsökinni og stefndi dæmdur til að greiða mismuninn. Loks krafðist hann málskostnaðar bæði í aðalsök og gagnsök eftir mati réttarins. — Málum þessum lauk svo fyrir bæjarþinginu 22. marz þ. á., að í aðalmálinu var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda f. h. Stefáns Magnússonar 344 kr. 22 a. með 5⁰/₁₀ ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags, en í gagnsökinni var stefndi sýknaður af öllum kröfum áfrýjanda. Málskostnaður var látinn falla niður, en skipuðum málflutningsmanni stefnda, Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, voru dæmd málflutningslaun, 45 kr. úr landsjóði. Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 12. apríl þ. á. og gerir hann hér fyrir réttinum sömu kröfur og fyrir undirrétti, svo krefst hann málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. — Stefáni Magnússyni hefir verið veitt gjafvörn og gjafsókn fyrir yfirdómi og hefir Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður verið skipaður til að flytja málið fyrir hans hönd. Hefir hann gagnáfrýjað málinu fyrir hönd gjafsóknarhafa með stefnu dags. 8. sept. þ. á. og krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að kröfur hans fyrir undirrétti verði algerlega teknar til greina og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, eins og málið væri eigi gjafvarnar- og gjafsóknarmál. Til vara hefir hann krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi. — Með samningi dags. í Reykja-

vík 15. maí 1915 réðst stefndi, Stefán Magnússon, ásamt 3 sjómönnum öðrum, hann sem vélarmaður, á mótorbát áfrýjanda fyrir tímabilið frá 15. maí til 16. nóv. 1915, og skyldi hann hafa 90 kr. eða ef vel gengi 100 kr. í kaup á mánuði og fritt fæði og húsnæði. Átti áfrýjandi að greiða alt kaupgjaldið við lok ráðningartímaus að frádregnu því, er hinn ráðni hefði fengið greitt upp í það, þó því að eins, að þeir uppfylli loforð sin og séu ekki frá verkum fyrir veikindi eða annað og hlýði fljótt og vel kalli. — Málsaðilum kemur saman um, að kaupið eigi að reiknast 90 kr. á mánuði, og samkvæmt því telur stefndi það $6 \times 90 = 540$ kr., en auk þess gerir hann tilkall til, að áfrýjandi greiði sér fæðispeninga í 44 daga, er hann hafi verið í hans þjónustu hér í Reykjavík, kr. 1,50 á dag, alls 66 kr. Frá þessum samtals 606 kr. viðurkennir stefndi að draga eigi 36 kr., sem er hlutfallslegt kaup og fæði fyrir 12 daga, er hann var veikur. Ennfremur viðurkennir hann að hafa tekið á móti upp í kaup sitt 162 kr. 18 a. og kemur þá fram upphæð sú, er hann hefir gert kröfu fyrir, kr. 407,82.

Í undirrætti lagði stefndi fram reikning frá áfrýjanda yfir viðskifti þeirra, og eru í reikningi þessum 10 kr. taldar útborgaðar stefnda 1. júní 1915, en þessar 10 kr. eru ekki færðar út í aðaldálk. Þar sem stefndi hefir ekki mótmælt að hafa tekið á móti þessum 10 kr., virðist eiga að draga þær frá kröfu stefnda, og verður hún þannig kr. 397,82. Frá þessari upphæð heldur áfrýjandi því fram að draga beri:

1. Kaup í 44 daga, er stefndi hafi dvalið hér í Reykjavík, 3 kr. á dag	kr.	132,00
2. Oftalda fæðispeninga sömu daga	—	66,00
3. Fyrir fæði í 12 daga, sem stefndi var veikur, kr. 1,50 á dag	—	18,00
4. Oftalið kaup frá $\frac{2}{11}$ — $\frac{16}{11}$ 1915, 15 daga, 3 kr. á dag	—	45,00
5. Fyrir spilli á olíu	—	113,90
6. Fyrir þjónustu	—	13,50
7. Vátryggingargjald.	—	3,60
	Samtals	kr. 392,00

En auk þess sem áfrýjandi færir þessa reikningsliði til frádráttar neitar hann því yfirleitt, að stefndi eigi nokkurn rétt til kaups, með því að hann með verkfalli og vanrækslu í stöðu sinni sem vélstjóri hafi rofið samninginn. Það verður nú ekki álitíð, að áfrýjandi hafi sannað, að stefndi, Stefán Magnússon, hafi sýnt þá vanrækslu í starfi sínu sem vélstjóri, að hann eigi að missa kaup sitt, og að því er verkfallið snertir, verður heldur eigi álitíð, að stefndi hafi með því mist rétt til kaups eftir 12. júlí, en að því verður vikið síðar. En þar sem ekki þykir ástæða til að rengja það, að stefndi hafi ekki unnið í þarfir áfrýjanda í 4 daga, þykir rétt að draga kaup og fæði, kr. 3,00 + kr. 1,50 á dag eða samtals 18 kr., frá kaupkröfu stefnda.

Koma þá til álita aðrar frádráttarkröfur áfrýjanda.

Ad 1—2. Að því er þessa liði snertir heldur stefndi því fram, að hann hafi umrædda 44 daga unnið hér í Reykjavík í þágu áfrýjanda, og þar sem áfrýjandi hefir ekki hnekt þessu, en umræddir 44

dagar hins vegar eru innan hins umsamda vinnu-
 tíma, verður áfrýjandi að greiða kaup og fæðispen-
 inga fyrir þessa daga. Þessir liðir verða því ekki
 dregnir frá kaupkröfu stefnda. — Ad 3. Engar líkur
 hafa verið færðar fyrir því, að stefndi hafi verið or-
 sök í sjúkdómi sínum með ótilhlýðilegri breytni sinni
 og var þá áfrýjanda skylt að fæða hann ókeypis í
 veikindum hans, með því að álíta verður, að ákvæði
 18. gr. fátækralaganna 10. nóv. 1905 eða analogi
 þeirrar greinar eigi við ráðningarsamning þann, er
 hér ræðir um. Það er því ekki heimild til að draga
 umræddar 18 kr. frá kaupi stefnda. — Ad 4. Áfrýj-
 andi heldur því fram, að stefndi hafi 2. nóv. hlaupið
 úr vistinni og beri honum því ekki kaup fyrir 15
 síðustu dagana af ráðningartímanum. Þessu hefir
 stefndi eindregið mótmælt og heldur því fram, að
 hann hafi alltaf verið til staðar og boðinn og búinn
 að vinna fyrir áfrýjanda. Þar sem áfrýjandi hefir
 ekki fært neinar sannanir fyrir staðhæfingu sinni,
 er ekki unt að taka þessa frádráttarkröfu hans til
 greina. — Ad 5. Áfrýjandi heldur því fram, að stefndi
 hafi af ásettu ráði eða af vitaverðu skeytingarleysi
 spilt niður einni tunnu af maskínuollu, og telur hann
 að stefndi eigi að bæta sér þetta með því að greiða
 sér verð hennar, kr. 113,90. Stefndi skýrir þetta
 frá sinni hálfu þannig, að úr umræddri tunnu hafi
 verið búið að taka 30 lítra. Síðan hafi hann sjálfur
 tekið 30 lítra og hafi því næst sett undir annan dunk,
 sem tók 30 lítra, en í þeim svifum hafi formaður
 sinn kallað á sig til að hita vélina í bát þeim, er
 hann var á. Hafi hann þá ekki mátt vera að bíða

eftir að fylla dunkinn; hafi því um leið og hann fór beðið annan nafngreindan mann að gæta dunksins, en það muni hann ekki hafa gert, því stefndi hafi heyrt seinna, að eitthvað hafi lekið niður úr tunnunni, en hann heldur því fram, að þrátt fyrir það, sem niður fór, hafi verið eftir í tunnunni 50 lítrar, sem aðrir hafi tappað af henni, og hafi þannig ekki meir en 30 lítrar farið til spillis. Hins vegar hafa 2 vitni borið það, að að eins hafi verið búið að taka á einn dunk úr tunnunni, þá er stefndi tók olíu úr henni, og að alt hafi runnið úr tunnunni til spillis að undanteknum þeim eina dunk, sem stefndi setti undir kranann. Þar sem nú stefndi hefir ekki leitast við að sanna sögusögn sína um, að hann hafi beðið annan mann að gæta kranans á tunnunni, er hann var kallaður frá, eða að eftir hafi verið á tunnunni 50 lítrar, er aðrir hafi tappað af henni, verður að telja sannað, að runnið hafi til spillis allt innihald tunnunnar, 170 lítrar, að frádregnum 60 litrum, eða 110 lítrar, og verður stefndi að bæta áfrýjanda þessa 110 lítra með 73 kr. 70 a.

Ad. 6. Stefndi hefir að vísu ekki sannað, að hann hafi átt að fá ókeypis þjónustu, en hann heldur því fram, að hann hafi fengið þjónustu hjá verstúlkum áfrýjanda og borgað þeim fyrir hana, en þær hafi notað frístundir sínar og helgidaga til þjónustunnar. Þar sem nú ekki sézt, að verstúlkunum hafi verið þetta óheimilt, verður ekki álitíð, að áfrýjandi hafi rétt til að draga hið umkrafða þjónustukaup, kr. 13,50, frá kaupmiðstafa.

Ad. 7. Vátryggingargjaldið, kr. 3,60, ber stefnda að endurgreiða áfrýjanda.

Samkvæmt framansögðu ber í aðalsökinni að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 397,82 ÷ kr. 18,00 ÷ kr. 73,70 ÷ kr. 3,60 = kr. 302,52 með 5% ársvöxtum frá 3. des. 1915 til greiðsludags.

Að því er gagnsökina snertir heldur áfrýjandi því fram, að stefndi og aðrir hásetar sinir hafi gert verkfall um miðjan júlímánuð, og fyrir þá sök hafi bátur sá, er stefndi var ráðinn á, ekki getað gengið til fiskiveiða í 4 daga, en við það hafi hann liðið tap, er honum telst til að hafi verið kr. 256,85 að því er stefnda snertir. Stefndi hefir hins vegar mótmælt skaðabótakröfu áfrýjanda. Telur hann að það hafi verið áfrýjanda að kenna, að róðrar lögðust niður nokkra daga, með því sjómennina hafði vanhagað um ýmislegt, er þeir hafi þurft með, en ráðsmaður áfrýjanda, sem sjómennirnir hafi átt að snúa sér til, hafi verið peningalaus og verið rekinn úr þjónustu áfrýjanda um sama leyti. Þar sem nú einn af vélbátum áfrýjanda hafi þurft að fara til Reykjavíkur til viðgerðar, hafi 2 af formönnum áfrýjanda og nokkrir af hásetunum farið með bátnum til Reykjavíkur til að tala við áfrýjanda og reyna að ráða bót á ólaginu á útgerðinni. Áfrýjandi hafi þá orðið við kröfum sjómannanna og þeir komið aftur daginn eftir til Sandgerðis — þaðan gekk báturinn til fiskiveiða. Yfir höfuð neitar stefndi því, að róðrar hafi lagst niður meir en 3 daga, og hann neitar því, að hann hafi gert verkfall, neitað að hlýða formanni sínum eða á nokkurn hátt gert

sig sekan um samningsrof. Áfrýjandi hefir mótmælt þessari skýrslu stefnda; heldur hann því fram, að honum hafi ekki borið nein skylda til að greiða sjómönnum neitt upp í kaup þeirra fyr en að ráðningartímanum loknum.

Það virðist nú ekki ástæða til að rengja það, að róðrar hafi fallið niður á bát þeim, er stefndi var ráðinn á, frá 12.—15. júlí 1915, og virðist orsökinn til þess hafa verið missætti það, er kom upp á milli áfrýjanda og sjómannanna um það leyti, er hann lét ráðsmann sinn í Sandgerði fara úr þjónustu sinni. En eftir að formennirnir á bátum áfrýjanda náðu fundi hans, virðist samkomulag hafa komist á milli hans og sjómannanna, og með því þannig fyrirvaralaust að hafa þá áfram í þjónustu sinni, eins og ekkert hefði í skorist, út ráðningartímann, virðist áfrýjandi hafa samþykkt að greiða þeim umsamið kaup að honum loknum, og gat hann þá ekki komið fram með skaðabótakröfu út af þessu á hendur þeim, þegar hann átti að fara að greiða þeim lokakaup þeirra. Skaðabótakrafa áfrýjanda verður því ekki tekin til greina, en eins og þegar hefir verið tekið fram, virðist rétt að stefndi missi kaup og fæði fyrir umgetna 4 daga.

Ákvæði undirdómsins um málskostnað samþykkjast, og eftir atvikum virðist rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli einnig niður. Málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr., greiðist úr landssjóði.

Það vottast, að málfærsla hins skipaða málflutningsmanns stefnda hefir verið lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Gísli Hjálmarsson, greiði stefnda, Sveini Björnssyni f. h. Stefáns Magnússonar, 302 kr. 52 a. með 5% ársvöxtum frá 3. des. 1915 til greiðsludags. Að öðru leyti á hinum áfrýjaða dómi að vera óraskað. Málskostnaður fyrir yfir dómi falli niður. Málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda, Sveins Björnssonar yfirréttarmálaflutningsmanns, 20 kr., greiðist úr landssjóði.

Dóminum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 17. desember 1917.

Nr. 33/1917.

Björn Gíslason

gegn

Sigurði Ólafssyni og settum sýslumanni Eiríki Einarssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi, Sigurður Ólafsson fyrverandi sýslumaður í Kallaðarnesi, fyrir gestarétti Árnassýslu gegn áfrýjanda, Birni Gíslasyni bónda á